

Ársskýrsla
Verkmenntaskóli Austurlands árið
2013

Samvinna – þekking - árangur



Yfirlit

Fjöldi nemenda og starfsmanna: Nemendaígildi á vorönn voru 153,5 en 191,5 á haustönn. Á ársgrundvelli voru 31 stöðugildi við skólann.

Námsframboð: Námsbrautir á vorönn voru 13 en 15 á haustönn

Framkvæmd markmiða: Öll markmið í skólasamningi komust í framkvæmt nema eitt.

Umbótaþættir eftir sjálfsmat: Sjálfsmatskýrsla 2010-2012 og umbótaráætlun 2013-2016

Afkoma, rekstrarstaða: Höfðustóll jákvæður í ársbyrjun sem nemur 21.802 millj. og áætlaður jákvæður um 19 millj. í árslok.

Brottfall: Var 4% á vorönn en 5,2% á haustönn.

Stjórnun: Skólameistara skipti urðu á árinu. Elvar Jónsson var skipaður til 5 ára frá 1. ágúst.

Samvinna við aðra: Samstarf við Austurbrú, Fjarðabyggð og aðra framhaldsskóla

Sérstakar áherslur/sérsvið skólans: Kynning á skólanum með því að standa fyrir viðburðum víðsvegar um Fjarðabyggð. Ber þar sérstaklega að nefna Verknámsviku og Tæknidag fjölskyldunnar

1. Inngangur

Í þessari skýrslu er farið yfir það helsta er viðkemur starfsemi og rekstri Verkmenntaskóla Austurlands skólaárið 2013. Árið var mjög viðburðarrík og t.a.m. urðu skólameistaraskipti á árinu. Þórður Júlíusson lét af störfum 1. ágúst en hann var ráðinn til eins árs eftir að Olga Lísu Garðarsdóttir lét af störfum þann 1. ágúst 2012. Elvar Jónsson tók við af Þórði og var ráðinn til 5 ára. Elvar var áður kennari við skólann. Fjórir aðrir sóttu um stöðuna. Annað sem til tíðinda bar á árinu ætti að vera að finna í skýrslu þessari. Njótið vel.

2. Nemendafjöldi, kennslumagn, námsframboð

Vorönn 2013

171 í dagskóla

- 92 kk
- 79 kvk
- 153,5 nemendaígildi
- Brottfall – 4%

	Vor 2013
Nemendur fæddir 1996	35
Nemendur fæddir 1995	42
Nemendur fæddir 1994	25
Nemendur fæddir 1993	11
Nemendur fæddir 1992	9
Eldri nemendur	43
Heildarnemendafjöldi:	171

Skipting nemenda á brautir	Vor 2013
Framhaldsskólabraut	16
Félagsfræðibraut	50
Grunnnám rafiðna	16
Hársnyrtiiðn	10
Húsasmíði	8
Námsbr. fyrir LL - SG	8
Grunnnám málmíðna	17
Náttúrufræðibraut	23
Sjúkraliðabraut	3
Starfsbraut	7
Vélvirkjun	3
Viðbótarnám til stúdentsprófs	6
Án brautar	4

13 í kvöldskóla

- 13 kk
- 26 einingar kenndar
- 1 nemendaígildi

Höfuðborgarsvæðið – 8 (4,7%)

Suðurland – 3 (1,7%)

Austurland – 148 (86,5%)

- 700 – 8
- 701 – 5
- 710 - 2
- 730 – 15
- 735 – 23
- 740 – 80
- 750 – 9
- 755 – 2
- 760 – 1
- 765 – 3

Norðurland – 6 (3,5%)

Vestfirðir – 1 (0,6%)

Vesturland – 5 (2,9%)

Haustönn 2013

249 nemendur

- 24 kvk
- 125 kk
- 191,5 nemendaígildi
- Brottfall 5,2%

Nemendur fæddir 1997	31
Nemendur fæddir 1996	37
Nemendur fæddir 1995	45
Nemendur fæddir 1994	20
Nemendur fæddir 1993	16
Nemendur fæddir 1992	9
Eldri nemendur	91
Heildarnemendafjöldi:	249

Skipting nemenda á brautir	Haustönn 2013
Framhaldsskólabraut	13
Félagsfræðibraut	51
Grunnnám bygginga og mannvirkjagr.	10
Grunnnám rafiðna	22
Hársnyrtiiðn	16
Húsasmíði	9
Námsbr. fyrir LL - SG	21
Grunnnám málmiðna	10
Grunnnám málm- og véltæknigreina	11
Náttúrufræðibraut	26
Sjúkráliðabraut	27
Starfsbraut	8
Vélvirkjun	1
Viðbótarnám til stúdentsprófs	2
Án brautar	22

Skipting nýnema (1996) eftir búsetu

Fáskrúðsfjörður	Egilsstaðir (700 og 701)	Reyðarfjörður	Eskifjörður	Norðfjörður	Stöðvarfjörður
2	2	8	7	9	2

Skipting nemenda eftir búsetu

Höfuðborgarsvæðið – 7 (2,8%)

Suðurland – 2 (0,8%)

Austurland – 212 (85,1%)

- 700 – 16
- 701 – 6
- 710 – 2
- 730 – 30
- 735 – 27
- 740 – 102
- 750 – 16
- 755 – 4
- 760 – 4
- 765 – 3
- 780 - 2

Norðurland – 20 (8%)

Vestfirðir – 4 – (1,6%)

Vesturland - 4 – (1,6%)

Á vorönn 2013 var 21 nemandi á heimavistinni en 24 á haustönn. Kennarar og nemendur sem ekki búa á heimavist geta keypt mat í mótuneyti heimavistar í hádeginu.

3. Starfsmannahald

Starfsmenn við stofnunina skiptast eftirfarandi:

- ✚ Skólameistari
- ✚ 28 kennarar í 18 stöðugildum á vorönn
- ✚ 29 kennarar í 19,7 stöðugildum á haustönn
- ✚ Áfangastjóri í 0,8 stöðugildi á vorönn en 0,9 á haustönn
- ✚ 1 kennari var í námsleyfi á haustönn
- ✚ Námsráðgjafi í 0,75 stöðugildi
- ✚ Fjármálastjóri, skólafulltrúi og húsvörður í 3 stöðugildum
- ✚ Kerfisstjóri í 0,5 stöðugildi
- ✚ 4 ræstitæknar í 3,6 stöðugildi
- ✚ Heimavistarstjóri og matráður í 1,4 stöðugildi

Á ársgrundvelli voru 31 stöðugildi við skólann og meðalstarfsaldur rúmlega 12 ár. Á vorönn og haustönn voru allir fastráðnir kennarar með kennsluréttindi nema fjórir – þar af þrír í verknáminu.

Hægt er að lesa út úr stöðugildum v/ kennslu að margir kennarar eru í lágu starfshlutfalli (7-8 kennarar í 25-40% starfi þegar skólaárið er skoðað í heild). Með þessu móti tekst að manna þá kennslu sem þarf til að bjóða fjölbreytt nám. Sérkennari var ráðinn til starfa á haustönn og er það samkvæmt viðauka með skólasamningi (sjá nánar í 4.kafli). Á haustdögum var einnig gerður nýr stofnanasamningur.

Undanfarin ár hefur VA boðið upp á fjarnám með vinnu og þá í gegnum fjarfundabúnað og kennsluvef. Þarna hafa stórir hópar farið í gegn og orðið skólanum lyftistöng. Skólinn leitar nú nýrra tækifæra á þessum markaði bæði einn og sér og í samvinnu við aðrar menntastofnanir. Mætti þar nefna að á haustönn var boðið upp á nám til viðurkennds bókara.

4. Framkvæmd skólasamnings, verkefni og styrkir

Skólasamningur

Nýr skólasamningur var gerður á árinu á milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og VA. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2015. Viðauki er með samningnum þar sem sem markmið eru tímasett. Allt hefur þar staðist nema að ekki hefur enn orðið af rýnifundum með kennurum unglíngastígs í grunnskólum Fjarðabyggðar en markmiði var að hafa slíka fundi að vori 2013 og 2014. Þó hefur verið unnið að undirbúningi þessara funda m.a. gerðu kennarar VA lista, á starfsdegi í ágúst, yfir það sem þeir vilja ræða við grunnskólakennara. Annað hefur verið framkvæmt sem tilheyrði árinu 2013 m.a. Tæknidagur fjölskyldunnar, kynningarheimsóknir, verknámsvika o.s.frv..

Samkvæmt viðaukanum á allt nám í VA að vera í samræmi við aðalnámsskrá 2011 að hausti 2015. Að þessu var unnið á árinu 2013 – gerð var tímasett áætlun fram á haustið 2015 og áfangastjóri hækkaður í starfshlutfalli með það fyrir augum að vinnan við innleiðingu verði markvissari.

Styrkir og þróunarverkefni:

Skólanum bárust góðir styrkir til starfseminnar.

- ✚ Styrktarsjóður SÚN, Síldarvinnslan og Olfusamlag útvegsmanna veitti skólanum loforð um styrki til kaupa á búnaði vegna innleiðingar á vélstjórnarbraut. Styrkirnir voru greiddir í byrjun árs 2014.
- ✚ Styrkur vegna innleiðingar á nýrri námsskrá. 2.221 millj.
- ✚ Styrkur frá Fjarðabyggð og fyrirtækum í Fjarðabyggð vegna Verknámsviku.
- ✚ Leikfélagið Djúpið í VA fékk góða styrki frá: SÚN, Alcoa Fjarðaáli, Fjarðabyggð, Nípukolli, Sparisjóði Norðfjarðar og SVN.

Þróunarverkefni:

Verkmenntaskóli Austurlands og Max Plankt Gymnasium í Trier í Þýskalandi luku á haustdögum tveggja ára samstarfsverkefni sem bar heitið: Landbúnaður á krossgötum. Hvernig breytum við heiminum? Verkefnið var kostað af Comeniusaráætluninni. Samstarfsskólar VA á Íslandi voru FAS og ME. Lokauppgjör vegna verkefnisins kom í janúar 2014.

Samvinna við aðra:

- ✚ Samstarf er við Austurbrú og Háskólann í Reykjavík um notkun á styrk frá Alcoa Fjarðaáli til eflingar verk- og tæknimenntunnar.
- ✚ Samstarf við Austurbrú vegna Tæknidags fjölskyldunnar, nýsköpunaráfanga og vélfræði fyrir vélamenn.
- ✚ Samstarf við Fjarðabyggð vegna verknámsviku.
- ✚ Fjarmenntaskólinn. Samvinna við aðra framhaldsskóla varðandi námsframboð í fjarnámi.
- ✚ Samstarf við Borgarholtsskóla við þróun á framhaldsnámi fyrir leikskólaliða.
- ✚ Samstarf við Tækniskólann, Iðnskólann í Hafnarfirði, FNV, MÍ, VMA og FS við gerð námsbrautar í hársnyrtiiðn.
- ✚ Samstarf við MÍ og FNV til að vinna sameiginlega að gerð námsbrautar í vélvirkjun sem tekur tillit til samkeyrslu við vélstjórnarbraut B – stigs.

5. ársreikningur

Höfuðstóll í byrjun árs var jákvæður um 21.802 millj.

Leiðréttingar fyrir árið 2013:

- Vegna námsorlofs 2.732 millj.
- Uppgjör á íslenskukennslu fyrir útlendinga 337 þús
- Vegna starfsbrautar 3.523 millj.
- Uppgjör vegna nemendaígilda. – 2.421 millj.

Höfuðstóll í árslok 2013 er áætlaður 19 millj.

Greiðslustaða við ríkissjóð er áætluð 6.5 millj.

Fjárheimild VA árið 2013	
Höfuðstóll frá 2011	21.802
fjárlög ársins 2012	244.900
leiðréttingar innan ársins	4.171
	268.402

Áætlaður rekstur VA 2013	
aðrar rekstrartekjur	4.700
sértekjur	19.100
launagjöld	183.600
almennur rekstur	91.865
	251.665

6. Sjálfsmat

Lengst af hefur sjálfsmatsnefndin starfað eftir viðmiðum menntamálaráðuneytisins *Sjálfsmat skóla - Leikskólar, grunnskólar og framhaldsskólar* (Menntamálaráðuneytið 1977) og má segja

að það sem þar kemur fram heldur gildi sínu enn þann dag í dag borið saman við það sem fram kemur bæði í reglugerð um mat og eftirlit í framhaldsskólum (Rg. 700/2010) og aðalnámskrá framhaldsskóla. Sjálfsmatið hefur alla tíð verið kerfisbundið og gagnvirkt. Dæmi um þetta er að þegar skipulagðir eru stórir viðburðir í skólanum s.s. árshátíð eða opnir dagar þá liggja fyrir kannanir frá fyrri slíkum viðburðum og er ávallt leitast við að taka tillit til athugasemda sem þar koma fram. Ekki má gleyma áfangamati sem fram fer í lok hvernar annar, þar sem metinn er einn áfangi hjá hverjum kennara. Í Sjálfsmatsskýrslu 2010-2012 er að finna tímasetta umbótaráætlun fyrir tímabilið 2013-2016. Skýrslan er á heimasíðu skólans.

7. Endurbætur og endurnýjun á húsakynnum og búnaði skólans

Á árinu 2013 voru gerðar nokkrar endurbætur á húsakynnum og búnaði skólans. Má þar nefna kaup á 10 tölum ásamt vélstjórnarhermi fyrir málmdeild. Eru þessi kaup hluti af ferli við innleiðingu á vélstjórnarnámi við skólann. Einnig þurfti að bæta við borðum og innstungum í kennslustofu deildarinnar til að koma búnaðnum fyrir.

Í bóknámshúsi var skrifstofu áfangastjóra dúkalögð ásamt kaffistofu starfsfólks, sem að skemmdust þegar að heitavatnslögn gaf sig árið áður og vatn flæddi um 1. og 2. hæð hússins. Nýr gólfdukur var lagður á hársnyrtideild. Skólinn var merktur að utan með þrívíddarstöfum. Skýli var byggt fyrir norður inngang til að verja rafmagnshurð fyrir veðri og vindum. Helstu kaup varðandi ræstibúnað voru að á árinu var keypt „High speed“ bónvél. Einnig var haldið áfram að endurnýja stóla og borð í kennslustofum. Framkvæmdir á heimavist voru þær helstar að í eldhúsinu gólfefni endurnýjað og stigagangar og herbergi á 3. hæð heimavistar voru máluð. Ný heimasíða var tekin í gagnið og nettenging á heimavist og í kennsluhúsnæðum var bætt.

8. Áherslur í kennslu og starfssemi skólans

Mikil áhersla var lögð á kynningu á skólanum árið 2013. Grunnskólar komu í heimsókn og voru einnig sóttir heim og nemendur skólans voru mjög sýnilegir í samfélaginu. Sérstök áhersla var lögð á að kynna verknámið. Í því skyni var á haustdögum 2012 efnt til samstarfs við vinnuskóla Fjarðabyggðar og skipulögð heil vinnuvika í byrjun júní 2013 þar sem allir nemendur í vinnuskólanum sem ljúka 9. bekk komu til vinnu í verknámsdeildum VA. Sjö öflug fyrirtæki í Fjarðabyggð standa við bakið á verkefninu með fjárstuðningi en skólinn og kennarar hans sjá um allt skipulag á vettvangi. Sveitarfélagið greiðir svo nemendum laun. Þessi hugmynd kviknaði í

skólaferð VA til Svíþjóðar vorið 2012. Óhætt er að segja að verkefnið hafi vakið mikla athygli og hafa aðir skólar og sveitafélög sýnt því áhuga. Ljóst er að þetta verkefni er komið til að vera. Tæknidagur fjölskyldunar var haldinn í fyrsta skipti í mars. Dagurinn var haldinn í húsnæði skólans og voru nemendur og kennarar með ýmis verkefni til sýnis ásamt því sem ýmsar stofnanir og fyrirtæki sýndu tæknibúnað o.fl. Eins og með verknámsvikuna þá tókst vel til og verður dagurinn aftur í mars en undirbúningur hefur staðið frá því í júní. Áfram verður lögð mikill áhersla á kynningu skólans en núna á vorönn 2013 eru 13 viðburðir sem skólinn stendur fyrir einn eða í samstarfi við aðra víðsvegar um Fjarðabyggð.

Ekki er hægt að tala um að um sérstakar áherslur í kennsluháttum hafi verið að ræða á árinu 2013. Talsverð fjölbreytni er í námsmati og kennsluaðferðum við skólann og svokölluðum símatsáföngum hefur fjölgað.

Haustið 2011 varð VA heilsueflandi framhaldsskóli. Skólanum hlotnaðist bronsið fyrir næringu vorið 2012 og silfur árið 2013 fyrir hreyfingu.

10. Lokaorð

Glögg má sjá við lestur þessarar skýrslu að árið 2013 var viðburðarríkt í Verkmenntaskóla Austurlands. Framkvæmd markmiða í nýjum skólasamningi hefur hleypt auknu lífi í starfssemi skólans og mætti þar helst nefna Verknámsvikuna og Tæknidaginn. Rekstur skólans er nokkuð öruggur og innan fjárheimilda þó gangi lítilega á höfuðstól milli ára.

Fjarðabyggð 12. febrúar 2014.

VERKMEIENNTASKOLI
AUSTURLANDS
740 FJARÐABYGGÐ
Elvar Jónsson
Skólameistari
Verkmenntaskóla Austurlands